

Lánasjóður sveitarfélaga - Skiptiútboð LSS 08 1

Lánasjóður sveitarfélaga hefur ákveðið að bjóða eigendum bréfa í skuldabréfaflokknum LSS 08 1 að fá afhent bréf í LSS150434 gegn afhendingu á LSS 08 1, með uppgjör 31. maí 2013.

- Lánasjóðurinn móttækur LSS 08 1 á kröfunni 3,20%, sem samsvarar hreinu verði 95,369087 og 138,522531 með áföllnum vöxtum. (Duration 8,26)
- Lánasjóðurinn afhendir LSS150434 á kröfunni 3,20%, sem samsvarar hreinu verði 105,45975 og 107,660312 með áföllnum vöxtum. (Duration 9,48)

Samantekt á bréfunum:

LSS 08 1

Lánstími: 26. mars 2034.
Endurgreiðslur: Verðtryggðar hálfárslegar jafnar afborganir.
Nafnvextir: Fastir vextir 5,3%.
Grunnvísitala: Verðtryggt með vísitölu neysluverðs til verðtryggingar (VNV) 26. mars 2008, gildi hennar er 285,55.
Einingar: 10.000.000 kr. rafbréf.

LSS150434

Lánstími: 15. apríl 2034.
Endurgreiðslur: Verðtryggðar jafnar hálfárslegar greiðslur.
Nafnvextir: Fastir vextir 3,75%.
Grunnvísitala: Verðtryggt með vísitölu neysluverðs til verðtryggingar (VNV) 1. mars 2012, gildi hennar er 387,1.
Einingar: 1 kr. rafbréf.

Skiptikjör: Fyrir nafnvirði 10.000.000 af LSS 08 1 fást að nafnvirði 12.866.629 af LSS150434.

Uppgjör: Skipti á bréfunum fer fram föstudaginn 31. maí 2013.

Tekið verður við pöntunum frá kl. 9:00 þriðjudaginn 21. maí til kl. 16:00 fimmtudaginn 23. maí 2013.

Pantanir sendist í tölvupósti til Egils Skúla Þórólfssonar(egill@lanasjodur.is)/ Óttars Guðjónssonar(ottar@lanasjodur.is).

Nánari upplýsingar veita: Egill Skúli Þórólfsson og Óttar Guðjónsson, Sími: 515 4949.